

Yfirlýsing Geirs og A.N. Kosigíns

Kosigin þyggur heimboð til Íslands

Eftirfarandi er sameiginleg yfirlýsing Geirs Hallgrímssonar forsætisráðherra og Alexei N. Kosygins, forsætisráðherra Sovétríkjanna, sem gefin var út í lok opinberrar heimsóknar forsætisráðherra Íslands til Sovétríkjanna:

Geir Hallgrímsson, forsætisráðherra Íslands, var í opinberri heimsókn í Sovétríkjunum dagana 20.-27. september 1977 í boði sovésku ríkisstjórnarinnar. Var þetta í fyrsta sinn sem forsætisráðherra Íslands fer í heimsókn til Sovétríkjanna.

Auk höfuðborgarinnar Moskvu heimsótti ráðherrann ásamt fylgdarliði sínu einnig Yerevan, Tbilisi og Kiev þar sem tækifæri gafst til að kynna ýmsum þáttum í lífi Sovétmanna og þróun á sviði efnahagsmála, vísinda og menningarmála.

Viðræður fóru fram milli A.N. Kosygins, forsætisráðherra Sovétríkjanna og Geirs Hallgrímssonar, forsætisráðherra Íslands og tóku þátt í þeim:

Af hálfu Íslands: Hannes Jónsson, sendiherra Íslands í Moskva
Pétur Thorsteinsson, sendiherra og

Björn Bjarnason, skrifstofustjóri forsætisráðuneytisins.

Af hálfu Sovétríkjanna: A.A. Iskov, fiskimálaráðherra

M.R. Kusmin, fyrsti varautanríkisviðskiptaráðherra

I.N. Semskov, varautanríkisráðherra

G.N. Farafonov, sendiherra Sovétríkjanna á Íslandi og

V.M. Sobolev, deildarstjóri Norðurlandadeildar utanríkisráðuneytisins.

Viðræðurnar voru gagnlegar og vinsamlegar og var rætt um margvisleg alþjóðleg vandamál sem eru ofarlega á baugi og mál er snerta samskipti Íslands og Sovétríkjanna og horfur varðandi þróun þeirra samskipta.

Báðir aðilar lögðu áherslu á nauðsyn þess að leggja sitt af mörkum til að draga úr spennu í alþjóðamálum og stuðla að friðsamlegri samvinnu í Evrópu og hvarvetna í veröldinni. Þeir telja að það sé sérstaklega mikilvægt fyrir áframhaldandi slökun spennu að framkvæma til hlítar öll ákvæði lokasamþykktar ráðstefnunnar um öryggi og sam-

vinnu í Evrópu og tryggja árangursríkar niðurstöður fundanna í Belgrad.

Sérstök áhersla var lögð á nauðsyn þess að gera Sameinuðu þjóðirnar virkari, svo að þær geti á raunhæfan hátt verndað frið og alþjóðlegt öryggi og stuðlað að samskiptum ríkja á milli á öllum sviðum í fyllsta samræmi við stofnskrá sína.

Rætt var um nauðsyn þess, að þriðja hafréttarráðstefna Sameinuðu þjóðanna lyki sem fyrst störfum með heildarsamkomulagi, er taki tillit til réttmætra hagsmuna allra ríkja.

Aðilar lögðu áherslu á brýna nauðsyn þess að gera ákveðnar ráðstafanir til að stöðva vígðnaðarkapphlaupið og ná árangri hvað snertir almenna og algera afvopnun undir ströngu og virku alþjóðlegu eftirliti.

Ítarlegar viðræður áttu sér stað um fjölmörg önnur alþjóðleg vandamál.

Hvað snertir viðræður um mál varðandi tvihlíða samskipti Íslands og Sovétríkjanna sem ávallt hafa verið vinsamleg var af hálfu beggja aðila lútið í ljós ósk um aukin samskipti með hag beggja landanna og eflingu friðar fyrir augum.

Talið var að sú venja sem skap-



Geir



Kosigin

ast hefir að löndin tvö greini frá viðhorfum sínum m.a. á vegum utanríkisráðuneyta þeirra hefði gefið góða raun, og að æskilegt væri að halda þeirri venju áfram með reglubundnum hætti.

Aðilar tóku fram, að samskipti löggjafarþinga Íslands og Sovétríkjanna stuðli að góðri sambúð landanna og að kynni fulltrúa almennings séu mikilvæg leið til aukins gagnkvæms skilnings.

Nytsamlegar viðræður fóru fram um þróun verslunarviðskipta. Aðilar létu í ljós ánægju yfir hagstæðri þróun þeirra viðskipta á grundvelli bókunarinnar um gagnkvæmar vörufgreiðslur milli Íslands og Sovétríkjanna á tímabilinu 1976-1980 og voru sam- málum um að fyrir hendi séu góð skilyrði til frekari þróunar gagnkvæmra verslunarviðskipta.

Lögd var áhersla á þýðingu samskipta beggja landanna á sviði sjávarútvegs á alþjóðavettvangi og á tvihlíða grundvelli eins og fram kemur í samningi milli Íslands og Sovétríkjanna sem gerður var í Reykjavík í apríl á

þessu ári um vísinda- og tækni- samvinnu og samráð á sviði sjávarútvegs og rannsókna á lífandi auðvæmum hafsins.

Aðilar lýstu ánægju yfir þróun íslensk-sovéskra samskipta á sviði kennslumála, vísinda- og menningarmála, sem eiga sér stað innan ramma áætlunarinnar um menningar- og vísindasamvinnu á tímabilinu 1975-1979 sem gerð var á grundvelli samningsins milli Íslands og Sovétríkjanna frá 1961 um menningar-, vísinda- og tæknisamvinnu.

Aðilar létu í ljós þá skoðun að þær viðræður sem fram hefðu farið meðan á heimsókn Geirs Hallgrímssonar, forsætisráðherra, til Sovétríkjanna stóð, hefðu verið gagnlegar og myndu stuðla að frekari þróun vinsamlegrar sambúðar Íslands og Sovétríkjanna.

Geir Hallgrímsson, forsætisráðherra Íslands, lét í ljós þakk- læti við sovésku ríkisstjórnina fyrir hlýja gestrisni og vinsam- legar móttökur sem hann og fylgdarlið hans hefir orðið aðnjótandi í Sovétríkjunum. Fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands bauð Geir Hallgrímsson forsætisráðherra, A.N. Kosygin, forsætisráðherra Sovétríkjanna, í opinbera heim- sókn til Íslands. Var því boðið tekið með þökkum. Ákveðið verður síðar hvenær af þeirri heim- sókn getur orðið.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 27. september 1977.

Ráðstefna um verkalyðsmál

verður haldin í Reykjavík 21.- 23. október n.k.




Benedikt



Snorri



Asmundur



Guðmundur J.

DAGSKRÁ:

Föstudagur 21. október:

Kl. 16.00 Setning:
Benedikt Davíðsson.
Kl. 16.30—18.00 Erindi:
Þróun kjar- og efnahagsmála og verkalyðsbaráttan frá síðasta þingi A.S.I.: Snorri Jónsson og Asmundur Stefánsson.

Kl. 20.30 Umræður:

Laugardagur 22. október:

Kl. 10.00—13.00 Erindi:
Samstarf samtaka launafólks: Guðmundur J. Guðmundsson, Haraldur Steinþórsson, og Ingólfur Ingólfsson.
Framtíðarstefna og baráttuáferðir í kjarasamningum: Guðjón Jónsson, Helgi Guðmundsson og Kolbeinn Friðbjarnarson.
Kl. 14.00—18.00 Hóptarfi.

Sunnudagur 23. október:

Kl. 10.00—12.00 Erindi:
Alþýðubandalagið og verkalyðs- hreyfingin: Eðvarð Sigurðsson og Kjartan Ólafsson.
Kl. 13.30—17.30 Umræður, niðurstöður og ályktanir.
Kl. 17.30 Ráðstefnuslit.

Ráðstefnustaður: Tjarnarbúð, Reykjavík.

Ráðstefnan er opin öllum flokks- bundnum áhugamönnum Alþýðubandalagsins í samtökum launa- fólks.
Skráning þátttakenda fer fram á skrifstofu Alþýðubandalagsins, Grettisgötu 3. sími 17500. Starfs- maður verkalyðsmálaráðs, Baldur Óskarsson, veitir tilkynningum móttöku og gefur allar frekari upplýsingar.



Helgi



Kolbeinn



Eðvarð




Kjartan



Haraldur



Ingólfur



Guðjón

Samtök herstöðva- andstæðinga efna til happdrættis

Samtök herstöðvaandstæðinga efna þessa dagana til happdrættis, sem dregið verður í 15. nóvember n.k.

Vinningar í happdrættinu eru 250 talsins og er samantlagt verðmæti þeirra 853.000 krónur.

15000 miðar eru gefnir út, og kostar hver miði 250 kr.

Vinningarnir eru hver öðrum glæsilegri, m.a. hafa 5 myndlistarmenn gefið verk til Samtakanna vegna happdrættisins, en það eru þau Ásgerður Búadóttir, Sigurður Thoroddsen, Messiana Tómasdóttir, Guðrún Svava Svavarsdóttir, og Jón Reykdal. 25 númer hljóta málverkabækur Máls og menningar 6 bindi, og 25 hljóta „Ólíkar persónur“ eftir Þórberg.

Hljómplötur eru einnig meðal vinninga: Sóleyjarkvæði Jóhannesar úr Kötum, Fráfærur Þokkabótar, Kvöldfréttir Olgu Guðrúnar og Þjóðhátíðarljóð Böðvars Guðmundssonar ásamt plakatinu „Varðið land“.

Auk þessa eru 20 þör af sterkum og endingargóðum Keflavíkurgönguskóm í vinning.

Samtök herstöðvaandstæðinga vilja beina því til stuðningsmanna og félagsmanna að þeir kaupi og selji happdrættismiðana, sem eru eins og fyrir segir ódýrir eða á 250 kr. stykkið.

Miðarnir fást á skrifstofu samtakanna í Tryggvagötu 10, sími 17966.